

# Stuðningur og ráðgjöf



**Hjá Krabbameinsfélaginu starfa ráðgjafar fyrir þá sem greinast með krabbamein, aðstandendur þeirra og eftirlifendur. Allir hafa þeir fagmenntun og reynslu á sínu sviði.**

Markmið þjónustunnar er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi við breyttar aðstæður í lífinu. Þjónustan er gjaldfrjálslig og hægt er að koma án þess að gera boð á undan sér.

## **Boðið er upp á:**

- Einstaklings-, para- og fjölskylduviðtöl
- Fjölbreytt námskeið
- Opna tíma í slökun
- Fyrirlestra
- Ráðgjöf, fræðslu og upplýsingar
- Símaráðgjöf

## Þjónustan felst meðal annars í:

- Hjálp við að takast á við erfiðar hugsanir og tilfinningar
- Upplýsingagjöf varðandi réttindi í veikindunum
- Upplýsingagjöf um líkamleg og sálræn einkenni sem eðlilegt er að upplifa
- Upplýsingagjöf um úrræði og þjónustu sem gæti gagnast
- Ráðgjöf um hvernig best er að tala við börn um krabbamein
- Ráðgjöf um samskipti við aðra í tengslum við veikindin



” Ég hef verið í viðtölum hjá hjúkrunarfræðingi og á ég henni mikið að þakka fyrir alla hennar hjálp og góðvild, tók vel utan um mig á mjög erfiðum tíma.

” Tveimur árum eftir að meðferð minni lauk upplifði ég mjög mikla vanlíðan og skildi ekki hvað var að gerast. Eftir nokkur viðtöl hjá Krabbameinsfélaginu náði ég aftur tökum og tókst að byrja að vinna úr erfiðleikum.

” Ég er virkilega ánægð með þjónustuna, það er gott að geta komið og rætt hluti sem maður ræðir ekki við hvern sem er. Ég er enn að vinna úr sorgarferlinu og þigg þjónustu Krabbameinsfélagsins við það.